

Sp.

898. Nefndarálit

[278. mál]

um till. til þál. um vegáætlun fyrir árin 1976—79.

Frá meiri hl. fjárveitinganefndar.

Tillögu til þingsályktunar um vegáætlun fyrir árin 1976—1979 var vísað til fjárveitinganefndar 12. maí s.l.

Nefndin hafði áður tekið málið til umræðu, eða þegar eftir að þingskjalinu hafði verið útbýtt í þinginu. Nefndin hefur því haft mjög nauman tíma til athugunar og afgreiðslu málsins.

Svo sem kunnugt er eru vegalög nú í heildarendurskoðun og gert hafði verið ráð fyrir því, að frumvarp að nýjum vegalögum yrði lagt fram á yfirstandandi þingi. Nú er það hins vegar augljóst mál, að svo verður eigi. Með hliðsjón af því og þeirri yfirlýsingu hæstv. samgönguráðherra, að frumvarp að nýjum vegalögum verði lagt fram á Alþingi þegar á næsta hausti, telur meiri hluti fjárveitinganefndar, að rétt sé að bráðabirgðavegáætlun verði einungis samþykkt fyrir árið 1976. Er sú afgreiðsla í samræmi við lög um breyting á vegalögum, nr. 66, 14. júlí 1975, sem samþykkt voru á Alþingi í dag.

Svo sem áður naut fjárveitinganefnd aðstoðar vegamálastjóra og annarra starfsmanna vegagerðarinnar við afgreiðslu málsins, en varðandi skiptingu á fjárveitingum til nýbygginga á þjóðbrautum og landsbrautum var hafður sami háttur á og áður, þ.e. að þingmenn viðkomandi kjördæma komu sér saman um tillögur þar um. Er sú sundurliðun, sem fram kemur í tillögum nefndarinnar, í samræmi við það.

Varðandi tekjubálg þingsályktunartillögunnar er gerð sú breyting, að tekjur af innflutningsgjaldi hækka um 50 millj. króna, og af þungaskatti hækka tekjur einnig um 50 millj. króna. eru þessar breytingartillögur fluttar í samræmi við endurskoðaða áætlun þjóðhagsstofnunar fyrir yfirstandandi ár.

Þá leggur meiri hluti nefndarinnar til, að sú breyting verði gerð á gjaldahlið áætlunarinnar að liðurinn 2.1.2. Verkfræðilegur undirbúningur, lækki um 20 millj. króna, og liðurinn 2.2.1.7. „Vatnaskemmdir og ófyrirséð“ lækki um 30 millj. kr. Loks er lagt til að liðurinn 2.3. til nýrra þjóðvega hækki um 150 milljónir króna. Er það hluti af happdrættisfé samkv. lögum og ætlað að gangi til nýbygginga á Norður- og austurvegi í því hluðfalli sem löggin segja til um.

Um hinar einstöku áætlanir, Norðurlandsáætlun og Austurlandsáætlun, er það að segja, að þær eru samkvæmt tillögum áætlanadeildar Framkvæmdastofnunar og hæstv. samgönguráðherra og eru þær prentaðar með í brtt. meiri hl. nefndarinnar.

Um flestar af þeim breytingartillögum, sem meiri hluti nefndarinnar flytur við þessa umræðu, má segja að náðst hafi samkomulag innan nefndarinnar um afgreiðslu, en um heildarafgreiðslu málsins náðist ekki samkomulag og mun því minni hlutinn skila sérálit.

Alþingi, 18. maí 1976.

Jón Árnason,
form., frsm.
Steinþór Gestsson.

Þórarinn Sigurjónsson,
fundaskr.
Gunnlaugur Finnsson.

Lárus Jónsson.
Ingi Tryggvason.